

## Stjórnarfundur

Fundargerð miðvikudaginn 16. maí 2023

Mættir á skrifstofu félagsins:

Guðlaugur Jónsson, Friðrik Höskuldsson, Björn Ármannsson, Birgir Sigurjónsson

Á fjarfundi: Guðjón Guðjónsson, Páll Halldórsson og Sigbór Hilmar Guðnason

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundur 2. júní 2023.
2. Ársreikningur 2022.
3. Upphæð styrkja og sjúkradagpeninga.
4. Staða kjarasamninga.
5. Starfsmannamál
6. Önnur mál

- Golfmót mánudaginn 28. ágúst á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ.
- Styrkur til Öldunnar
- Stýrimannaskólinn
- ofl.

**Mál 1.** Aðalfundur verður haldinn föstudaginn fyrir sjómannadag eins og vant er og hefur fundarboð verið gefið út á heimasíðu félagsins. Aðalfundurinn verður líka fjarfundur og mun Advania sjá um þann þátt eins og áður. Á fundinum verður kosið um menn í uppstillinganefnd. ÁS mun setja á heimasíðu- og facebooksíðu félagsins en líka senda tölvupósta til félagsmanna þar sem þeir eru hvattir til að koma með tilnefningar en það verður kosin ný uppstillinganefnd á aðalfundinum. Nokkur umræða skapaðist um hvort föstudagur fyrir sjómannadag sé heppilegur fyrir aðalfund því frekar fámennst hefur verið á aðalfundum undanfarin ár, en þar sem búið er boða fundinn verður því ekki breytt. Hins vegar hefur fjölgað nokkuð síðan farið var að streyma þessum fundum á Teams og félagsmenn geta fylgst með hvar sem þeir eru staddir og tekið þátt í umræðum og kosningum. Það hefur mæst vel fyrir meðal félagsmanna. Huga þarf að því að stjórnarkjör félagsins verður á næsta ári og verða kynningar og upplýsingar settar inn á heimasíðuna í tæka tíð skv. lögum félagsins.

**Mál 2.** Endurskoðandi Grant Thornton kom í morgun og lauk yfirferð yfir ársreikninga fyrir 2022. Ársreikningurinn verður tilbúinn til undirritunar eftir 20. maí nk. Formaður fór yfir reikninganna fyrir árið 2022 og skýrði tölur. Stjórnarmenn fá reikninginn sendan til yfirlestrar bráðlega og samþykkt var sú breyting að framvegis undirrita stjórnarmenn ársreikninginn rafrænt.

**Mál 3.** Upphæð styrkja og sjúkradagpeninga. Sjúkradagpeningar hafa fylgt kauptryggingu sem er í dag 607.427 kr.- samkvæmt nýsamþykktum kjarasamningi. Stjórnin ákvað að halda upphæðinni óbreyttri.

**Mál 4.** Staða kjarasamninga. ÁS fór yfir undirskrift kjarasamninga fiskimanna, hefði mátt vera meiri þátttaka en almennt heyrst okkur að menn séu þokkalega sáttir, flestir velja leið A, að fá 3,5% viðbót í lífeyrissjóð og velja að ráðstafa aukningunni í tilgreinda séreign. Hvað varðar hin stéttarfélagin, þá er

staðan mjög óljós en ef og þegar hin stéttarfélögin samþykkja kjarasamning fiskimanna þá eru félagsmenn FS tryggðir fyrir því að ef þau semja um eitthvað meira en við sömdum um, þá fáum við það sama. Einnig er búið að skrifa undir kjarasamninga við Hafró og LHG, Björgun, fyrirtæki útsýnisbáta og fyrir liggur að klára samninga fyrir farmenn og skipstjórnarmenn á ferjum.

**Mál 5.** Formaður fór yfir starfsmannamál en auglýst var nýlega eftir starfsmanni á skrifstofu félagsins en ekki hefur fundist einstaklingur sem hentar í það verkefni sem honum er ætlað að inna af hendi. 14 sóttu um starfið og komu helst tveir til greina en eftir nánari eftirgrennslan var ákveðið að bíða með ráðningu. Starfið er sérhæft en það felst aðallega í því að fylgjast með fiskverði hérlendis og erlendis, vinna í nánú samstarfi við Verðlagsstofu, útbúa sjálfvirkni í að sækja hagtölum og upplýsingum frá Hagstofunni og fleiri stofnunum og vinna úr þeim. Starfið snýst líka um það að hagnýta upplýsingar sem uppfærðar eru daglega og ýmiss konar gagnaupplýsingar til að spá fyrir um framboð og verð á einstökum fisktegundum. Viðkomandi starfsmaður þarf að vera talnaglöggur og að geta sett tölulegar upplýsingar fram og miðlað með skiljanlegum hætti í ræðu og riti. Ýmis önnur verkefni koma líka inn á hans borð eins og verkast vill.

#### Önnur mál

- Golfmót. Samþykkt var að halda golfmót mánudaginn 28. ágúst á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ.
- Styrkur til Öldunnar. Útbúið hefur verið rafrænt app sem nefnist Styrkur og er því ætlað að halda utan um æfingar um borð í skipum. Formaður leggur til að þetta verkefni verði styrkt um eina milljón króna. Stjórnin samþykkti það.
- Stýrimannaskólinn. PÆ fór yfir málefni skólans og hugmyndir um stofnun Skóla sjávarútvegs og siglinga. Hann sýndi og útskýrði glærukyningu um málið sem kynnt hefur verið fjölmörgum aðilum sem tengjast sjávarútveginum með einum eða öðrum hætti, þar með talið skólameistara Tækniskólans og skólastjóra Skipstjórnar- og vélskólans. Hann ásamt formanni félagsins munu halda áfram með málið með von um að skipstjórnar- og vélstjórnarnám ásamt öðru námi sem heyrir undir sjávarútveg og siglingar verði áfram í Sjómannaskólahúsinu. Verkefnið er gríðarlega viðamiklið en jafnframt spennandi því miklar breytingar og framfarir eiga sér stað núna, ekki síst í nýjum greinum s.s. fiskeldi, grænni orku og öðru varðandi bláa hagkerfið ef rétt er á málum haldið. Það er margt undir núna í heiminum með loftlagsbreytingunum, auknum kröfum og breyttum áherslum í matvælaframleiðslu. Skóli sjávarútvegs og siglinga skal vera klæðskerasniðinn til að mennta og þjóna hinu bláa hagkerfi framtíðarinnar og til að flytja út þekkingu okkar Íslendinga í sjávarútvegi og siglingum. Félagið mun vinna að framgangi málsins eins lengi og þurfa þykir en síðan kemur það í ljós hvort hljómgrunnur er fyrir því meðal hagsmunaaðila og annara sem málið heyrir undir.

Breytingar á reglugerð um heilbrigði sjómanna. Formaður sagði frá því að nú þyrftu sjómenn að fara í lækni skoðun annað hvert ár og hafa kröfur um heilbrigði sjómanna aukist. Skiptar skoðanir eru meðal áhafna skipa um þessar breytingar en ÁS skrifaði umsögn inn á samráðsgátt og lýsti ánægju með þessar breytingar, ekki síst því að fylgst væri betur með heilsu sjómanna. Formaður fer á fund í kjarasamningsbundinni öryggisnefnd bráðlega þar sem hann ræða á heimildir útgerða til að senda menn til trúnaðalæknis, hvað mega útgerðir ganga langt? Brögð eru að því að ákveðnir trúnaðarlæknar fyrirtækja séu að gera ítarlegri kröfur en heimilt er skv. íslenskum lögum og reglum, vitna til Norskra

vinnureglna í því samhengi. Dæmi eru um að svipta hafi átt menn möguleika á því að gegna starfi sínu á hæpnum forsendum. Heimildir lækna þurfa að vera alveg skýrar. Markmið með heilsufars skoðunum er að menn séu færir um að gegna starfi sínu, hafa þarf í huga að þetta er gert fyrir þá, það er lýðheilsumál að fylgst sé grannt með heilsu þeirra í ljósi þess að ekki er hægt að kalla til sjúkrabíl veikist menn skyndilega út á ballarhafi. Það mætti líka líta á þessar breytingar sem forvarnir og áskorun á heilsuefningu stéttarinnar. En tryggja verður að ekki sé gengið lengra en heimilt er skv. lögum og reglum í þessum málum sem öðrum.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið 14:20

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Árni Sverrisson', written over a horizontal line.

Árni Sverrisson formaður

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Páll Ægir Pétursson', written over a horizontal line.

Páll Ægir Pétursson fundarritari

